


Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

Skildinganes

Húsakönnun



Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 99

Skildinganes

Húsakönnun:

Bauganes – Baugatangi – Einarsnes – Fáfnisnes – Gnitanes –
Skeljanes – Skeljatangi – Skildinganes – Skildingatangi.

Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 99

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Borgarskipulagi Reykjavíkur.
Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Árbæjarsafni.

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Árbæjarsafns og
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 99
Reykjavík 2003.
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun.

Formáli.....	5
Byggingarsaga.....	7
Uppdráttur Mælingadeildar frá 1953.....	11
Uppdráttur verkfræðist. Hnit 1984.....	13
Varðveislumat.....	15
Heimildaskrá.....	16

3. Húsaskrá

Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	17
Bauganes 4.....	18
Bauganes 6.....	19
Bauganes 8.....	20
Bauganes 12.....	21
Bauganes 14.....	22
Bauganes 16.....	23
Bauganes 24.....	24
Bauganes 26.....	25
Bauganes 28.....	26
Bauganes 30.....	27
Bauganes 32.....	28
Bauganes 34.....	29
Bauganes 38.....	30
Bauganes 40.....	31
Bauganes 42.....	32
Bauganes 44.....	33
Baugatangi 1.....	34
Baugatangi 2.....	35
Baugatangi 3.....	36
Baugatangi 5.....	37
Baugatangi 5a / Austurnes.....	38
Baugatangi 6.....	39
Baugatangi 7.....	40
Baugatangi 8.....	41
Einarsnes 4.....	42
Einarsnes 6.....	43
Einarsnes 8.....	44
Einarsnes 10.....	45
Einarsnes 12.....	46
Einarsnes 14.....	47
Einarsnes 16.....	48
Einarsnes 18.....	49
Einarsnes 20.....	50
Einarsnes 22.....	51
Einarsnes 24.....	52
Einarsnes 26.....	53
Einarsnes 28.....	54

Einarsnes 30.....	55
Einarsnes 32.....	56
Einarsnes 34.....	57
Fáfnisnes 1.....	58
Fáfnisnes 2.....	59
Fáfnisnes 3.....	60
Fáfnisnes 4 / Harrastaðir.....	61
Fáfnisnes 5.....	62
Fáfnisnes 7.....	63
Fáfnisnes 8.....	64
Fáfnisnes 10.....	65
Fáfnisnes 11.....	66
Fáfnisnes 12.....	67
Fáfnisnes 13.....	68
Fáfnisnes 14.....	69
Fáfnisnes 15.....	70
Fáfnisnes 16.....	71
Gnitanes 2.....	72
Gnitanes 6.....	73
Gnitanes 8.....	74
Gnitanes 10.....	75
Skeljanes 6.....	76
Skeljanes 8.....	77
Skeljatangi 1.....	78
Skeljatangi 3.....	79
Skeljatangi 5.....	80
Skeljatangi 7.....	81
Skildinganes 1.....	82
Skildinganes 3.....	83
Skildinganes 4.....	84
Skildinganes 5.....	85
Skildinganes 6.....	86
Skildinganes 7.....	87
Skildinganes 8.....	88
Skildinganes 9.....	89
Skildinganes 10.....	90
Skildinganes 11.....	91
Skildinganes 12.....	92
Skildinganes 13 / Reynisnes.....	93
Skildinganes 14.....	94
Skildinganes 15 / Reynisstaður.....	95
Skildinganes 16.....	96
Skildinganes 17.....	97
Skildinganes 18.....	98
Skildinganes 19.....	99
Skildinganes 21.....	100
Skildinganes 22.....	101
Skildinganes 23.....	102
Skildinganes 24.....	103
Skildinganes 25.....	104

Skildinganes 26.....	105
Skildinganes 27.....	106
Skildinganes 28.....	107
Skildinganes 29.....	108
Skildinganes 30.....	109
Skildinganes 31.....	110
Skildinganes 32.....	111
Skildinganes 33.....	112
Skildinganes 34.....	113
Skildinganes 35.....	114
Skildinganes 36.....	115
Skildinganes 37.....	116
Skildinganes 38.....	117
Skildinganes 39.....	118
Skildinganes 40.....	119
Skildinganes 41.....	120
Skildinganes 42.....	121
Skildinganes 43.....	122
Skildinganes 45.....	123
Skildinganes 47.....	124
Skildinganes 48.....	125
Skildinganes 49.....	126
Skildinganes 50.....	127
Skildinganes 51.....	128
Skildinganes 52.....	129
Skildinganes 53.....	130
Skildinganes 54.....	131
Skildinganes 56.....	132
Skildinganes 58.....	133
Skildinganes 60.....	134
Skildinganes 62.....	135
Skildingatangi 2.....	136
Skildingatangi 6.....	137

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireitum 1.671, 1.674, 1.675 og 1.676 í Skerjafirði, en svæðið afmarkast af Einarsnesi, Bauganesi, Skildinganesi og Skeljanesi. Innan svæðisins liggja göturnar Bauganes, Baugatangi, Einarsnes, Fáfnisnes, Gnitanes, Skeljanes, Skeljatangi, Skildinganes og Skildingatangi. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er ekki innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru flest byggð á árunum 1927 og fram til ársins 2003. Tvö þeirra eru byggð á 19. öld og tilheyra hinu gamla höfuðbóli Skildinganes, en það eru Reynisnes sem byggt var árið 1863 og Reynisstaður að stofni til frá 1874. Flest húsin voru byggð á árunum 1960 – 1990, en eftir það fer húsbyggingum á svæðinu fækkandi. Þó eru enn nokkur hús í byggingu.

Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefin af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunaleg gerð*.

Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar / Hringbrautar). Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknnum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Af þeim húsum sem voru rannsökuðu, eru tvö byggð fyrir 1918 og falla því undir lög um húsafriðun nr. 104/2001.

Maí 2003,
Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar
Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt í Skildinganesi, á staðgreinireitum 1.671, 1.674, 1.675 og 1.676 í Reykjavík.

Staðsetning

Reiturinn afmarkast af Einarsnesi, Bauganesi, Skeljanesi og Skildinganesi. Innan þessa svæðis eru göturnar Bauganes, Baugatangi, Einarsnes, Fáfnisnes, Gnitanes, Skeljanes, Skeljatangi, Skildinganes og Skildingatangi. Reitirnir eru staðsettir á Skildinganesi við norðanverðan Skerjafjörð og er byggðin þar oftast kennd við fjörðinn og nefnd Skerjafjörður.

Húsagerð og aldur

Húsagerð á reitnum er blönduð, en alls eru könnuð 120 hús. Steinsteypu húsin eru í miklum meirihluta eða 96 talsins, timburhúsin eru 14 talsins. Sjö húsa eru hlaðin úr steini og 3 eru múrsteinshús. Flest eru þau einlyft í upphafi eða 76 talsins en 36 eru tvílyft. Átta hús eru pallahús eða ein og hálf hæð.

Elsta húsið var byggt árið 1863, Skildinganes 13 eða *Reynisnes*. Þar á eftir kemur Skildinganes 15, *Reynisstaður*, byggt árið 1874. Flest húsin voru byggð á árunum 1970-79 eða 38 talsins. Tuttugu og fimm hús voru byggð á árunum 1980-1989 og tuttugu og eitt hús á árunum 1960-1969. Frá árinu 1990 til ársins 1999 voru byggð 8 hús og frá árinu 2000 hafa verið byggð 11 hús á þessu svæði. Á árunum 1927 til 1959 voru reist 15 hús.

Eitt hús hefur verið flutt til á reitnum en það er Bauganes 40. Þetta hús var áður á Hörpugötu 6 en árið 1935 var það að Hörpugötu 35 þegar tölusetningu húsa á þessum slóðum var breytt. Vegna flugvallarins varð það að víkja og var það þá flutt á Baugsveg 32 og virt þar 21.4.1947. Síðan var tölusetningu þess breytt þar og varð það að Baugsvegi 40 sem síðan varð að Bauganesi 40 árið 1968.

Nær undantekningarlaust er um fyrstu kynslóð húsa á lóðunum að ræða. Einhver hús hafa þó þurft að víkja fyrir nýjum húsum, til dæmis hús að Skildinganesi 50 sem reist var 1958 eftir teikningu Gunnars Hanssonar arkitekts. Það var rífið árið 1999 til að rýma fyrir nýju húsi.

Nær flest öll hús sem hér er fjallað um tilheyra síðfúnkísstíl en nokkur þeirra eldri eru í fúnkísstíl. Fúnkísstíllinn barst til landsins um 1930. Þeir arkitektar sem fylgdu honum voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnæði. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða fúnksjóninni. Markmið fúnkísmanna var að útrýma skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Með fúnkísstílnum þróaðist sú tækni að nota innlend steinefni eða skeljabrot til múrhúðunar utan á steinsteypu hús. Eitt af aðaleinkennum íslenska fúnkísstílsins er steiningin.

Um og upp úr seinna stríðinu þróaðist fúnkísstíllinn yfir í nútímalegri stíl, sem kalla mætti síðfúnkísstíl, það er fúnkíshúsin fengu á sig nýja mynd, þar sem helstu einkennum voru há og margbrotnari þök, smárúðugluggar og ýmis konar skraut. Þessi stílþróun átti ekki síst rætur sínar að rekja til fumkvöðla íslenskrar fúnkísstefnu, eins og arkitektanna Einars Sveinssonar og Gunnars H. Ólafssonar. Síðar, eða um 1960, breyttist stíllinn enn, þegar nýir arkitektar tóku til starfa hér á landi, einkum menntaðir í Þýskalandi. Flöt þök, stærri gluggar með stórum rúðum, beinar línur og minna skraut einkenndi þessa þróun. Litir voru notaðir á sléttmúraða veggi, einkum grunnlitir og steiningin hvarf.

Hús með flötum þökum komu fram um og upp úr 1960 og voru þau áberandi á húsum á þessu svæði allt fram á miðjan áttunda áratuginn. Mikill fjölbreytileiki

einkennir þau hús sem hér eru könnuð. Algengt er að ýmiskonar útskot, svalir og pallar einkenni þau og að bílskúrin sé sambyggður húsinu og jafnvel hluti af því.

Breytingar

Lítið er um breytingar á þeim húsum sem hér eru könnuð. Helst hefur verið byggt við þau og einnig bætt við garðhúsum eða sólstofum.

Höfundar

Ekki er vitað um höfunda sjö húsanna sem hér eru könnuð. Öðru máli gegnir um hin 113.

Flest þeirra eða 13 talsins hannaði Kjartan Sveinsson og Teiknistofan ARKÓ (byggingaverkfræðingarnir Ásmundur Jóhannsson, Jón Kaldal og Jón Róbert Karlsson) tíu hús. Birgir Breiðdal hannaði átta hús, Ingimundur Sveinsson sjö hús, Gísli Halldórsson fimm hús og þrjú í samvinnu við Jósef Reynis. Guðmundur Kr. Kristinsson hannaði tvö hús, þrjú í samvinnu við Ferdinand Alfredsson og eitt með Erlendi Helgasyni. Sigvaldi Thordarson, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Manfred Vilhjálmsson hönnuðu allir þrjú hús hver. Meðal þeirra hönnuða sem teiknuðu tvö hús eru Sigurður Björgúlfsson, Gunnar Hansson, Skarphéðin Jóhannsson og Kristinn Ragnarsson. Fjöldi hönnuða eiga heiðurinn af einu húsi og þeirra á meðal eru Guttormur Andrésson, Einar Sveinsson, Gísli Gunnarsson, Ivon Stefan Cilia, Garðar Halldórsson og Ingimar Haukur Ingimarsson.

Saga reitsins

Suðvestan af Reykjavík, milli Seltjarnarness og Álftaness, liggur Skerjafjörður. Jörðin á nesinu var nefnd Skildinganes og það þorp sem smám saman byggðist úr landi hennar nefnt Skildinganesþorp. Seinna var farið að nefna byggðina eftir firðinum sjálfum.

Skildinganesið er eitt af heilsteypustu minjasvæðum í Reykjavík og er þar að finna fornleifar og fornminjar. Í landi Skildinganess falla tvö svæði undir borgarvernd, Skildinganeshólar og mólendið umhverfis þá og strönd Skerjafjarðar meðfram Ægissíðu og Skildinganesi.

Ekki er vitað með vissu hvenær byggð hófst á Skildinganesi en jarðarinnar er fyrst getið í heimildum árið 1553. Þá er hún talin sjálfstæð jörð og í eigu Skálholtsstóls. Þó svo að Skildinganes væri sjálfstæð jörð var hún talin með Reykjavíkurlandi fram til 1787. Það ár fékk Reykjavík kaupstaðarréttindi og var þá allt bæjarlandið mælt upp. Skildinganesjörðin var þá í fyrsta sinn afmörkuð og voru landamerki milli Skildinganess og Reykjavíkur talin vera sunnan frá Skerjafirði við Lambhól upp í Skildinganeshóla og þaðan austur í vörðu við Öskjuhlíð og þaðan í Skerjafjörð við Hangahamar.¹ Skildinganes heyrði undir Seltjarnarneshrepp til ársins 1932 er það var innlimað inn í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Talsvert var um kot í landi Skildinganess þegar byggð tók að rísa á þessum slóðum á 19. öld. Þetta voru allt lítil og lágreist kot. Um langan aldur var tvíbýli í Skildinganesi og voru býlin nefnd Austurbær og Vesturbær. Austurbærinn var síðar rifinn en húsið að Skildinganesi 13 er talið vera gamli Vesturbærinn endurbyggður. Byggingarár hússins er nokkuð á reiki. Í Fasteignamati er húsið talið byggt árið 1863 en því hefur einnig verið haldið fram að það sé byggt heldur seinna eða á árunum 1869 – 1871. Sigurður Jónsson í Görðum segir í endurminningum sínum að húsið sé endurbyggt en ekki er vitað hvenær sú endurbygging átti sér stað né hvers eðlis hún var.

¹ Klemens Jónsson: **Saga Reykjavíkur**, 15.

Á fyrsta og öðrum áratug 20. aldarinnar kom upp sú umræða að leggja Skildinganes undir Reykjavík og voru meðal annars lögð fram lagafrumvörp þess efnis en þau náðu ekki fram að ganga. Hugmyndir um höfn í Skerjafirði urðu einnig háværar skömmu eftir aldamótin 1900 og stofnuðu nokkrir eigendur Skildinganesjarðarinnar hlutfélag í þeim tilgangi, hlutafélagið *Höfn*. Frumvarp um hafnargerð í Skerjafirði var lagt fram árið 1907 á Alþingi en það fellt.²

Hugmyndin um hafnargerð í Skerjafirði kom aftur upp á yfirborðið árið 1913, þegar hlutafélagið "*The Harbours and Piers Association Ltd.*" með Einar Benediktsson skáld í broddi fylkingar keypti landið sem félagið *Höfn* ætlaði undir samkonar starfssemi. Mikill kraftur var í félaginu til að byrja með og hóf félagið byggingu bryggjunnar sama ár. En ákvörðun bæjarstjórnar um að gera höfn norðan við miðbæinn og upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar setti strik í reikningin og hætt var við öll áform um hafnargerð í Skerjafirði.

Um 1922 eignaðist Eggert Classen stóran hluta Skildinganesjarðarinnar og um 1927 hóf hann að skipta landinu niður í lóðir sem hann seldi síðan. Það var upphafið að þéttbýlismyndun í Skildinganesi. Þegar Eggert keypti stóran hluta af Skildinganesjörðinni á árunum 1922 – 23 stóðu tvö hús á jörðinni, gamli Vesturbærinn og hlaðið hús. Ekki er vitað hvenær hlaðna húsið var byggt en talið er það hafi verið byggt um 1874. Eggert lét setja kvist á húsið og byggja við það inngönguskúr en auk þess lét hann byggja við það á þrjá vegu og gera á því endurbætur. Þessum breytingum mun hafa verið lokið árið 1924 en þá flutti Eggert í húsið ásamt fjölskyldu sinni. Hann skýrði húsið svo upp og nefndi það *Reynisstað* eftir Reynisstað í Skagafirði þaðan sem hann átti ættir að rekja. Húsið er í dag númer 15 við Skildinganes.

Eins og áður segir þá tilheyrði Skildinganes Seltjarnarneshreppi en árið 1932 var það lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Miklar breytingar urðu á byggð í Skildinganesi með tilkomu breska hersins á Íslandi árið 1940. Bretar ákváðu að byggja herflugvöll seinni hluta árs 1940 í Vatnsmýrinni í Reykjavík og brátt teygði hann sig út á Skildinganes og inn í þá byggð sem myndast hafði í Skerjafirði. Vegna flugvallarins þurfti að flytja nokkuð af húsum í burtu og götur voru aflagðar. Í raun var byggð í Skildinganesi skipt í tvennt með tilkomu flugvallarins. Í dag er talað um Litla-Skerjafjöld og Stóra-Skerjafjöld. Svæði það sem er hér til umfjöllunar er í Stóra-Skerjafirði.

Árið 1959 var samþykktur skipulagsuppdráttur af svæðinu milli Bauganes og sjávar og mun það vera fyrsta skipulag í Reykjavík sem hlaut formlega staðfestingu samkvæmt skipulagslögum.³ Með skipulaginu bættust við þrjár nýjar götur í Skerjafirði, Fáfnisvegur, Gnitavegur og Skildinganesvegur. Árið 1968 var þessum götunöfnum breytt til núverandi horfs. Það sama ár var gömlum götunöfnum breytt. Baugsvegur varð Bauganes, Þervegur varð Einarsnes og Shellvegur varð Skeljanes. Árið 1968 bættust einnig við göturnar Skeljatangi, Skildingatangi og Baugatangi.

Með nýja skipulaginu árið 1959 tóku við tímar mikillar uppbyggingar á svæðinu sem hefur staðið fram á þennan dag. Ástæður þess að lóðir í Skildinganesi urðu svo eftirsóttar voru þær að á þessum tíma var skortur á einbýlishúsalóðum í Reykjavík. Þá var áhersla lögð á það í Reykjavík að byggja fjölbýlishús til að mæta aukinni fólksfjölgun í borginni. Lóðirnar sem voru til sölu voru stórar eignalóðir og ekki á allra færi að kaupa.

² Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*, 191-192.

³ Hanna Rósa Sveinsdóttir: *Porpið í borginni*, 56.

Nafngiftir gatnanna

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sínar að rekja víða. Þegar Skildinganes var innlimað í Reykjavík árið 1932 voru göturnar þar færðar inn í gatnaskrár Reykjavíkur.

Bauganes

Bauganes hét áður Baugsvegur og er nefnt eftir félaginu *Baugi* en það kom við sögu hafnaráforma í Skerjafirði. Nafnið Bauganes var samþykkt árið 1968.

Baugatangi

Baugatangi heitir eftir sama félagi og Bauganes, eða *Baugi*. Nafnið Baugatangi var samþykkt árið 1968.

Einarsnes

Einarsnes hét áður Þvervegur og var það vísun í staðhætti. Nafnið Einarsnes er tilvísun í Einar Benediktsson skáld sem á sínum tíma beitti sér fyrir hafnargerð við Skerjafjörð. Stofnaði hann meðal annars félagið "*The Harbours and Piers Association Ltd.*" í þeim tilgangi. Nafnið Einarsnes var samþykkt árið 1968.

Fáfnisnes

Fáfnisnes hét áður Fáfnisvegur. Fáfnisnes er nefnt eftir orminum Fáfni sem sagt er frá í Eddukvæðum. Ormur þessi lá á gulli sínu á Gnitahiði. Gatan kom fyrst fram á skipulagsupprætti frá árinu 1959 af svæðinu milli Bauganess og sjávar. Nafnið Fáfnisnes var samþykkt árið 1968.

Gnitanes

Gnitanes hét áður Gnitavegur. Gnitanes er nefnt eftir Gnitahiði þeirri sem sagt er frá í Eddukvæðum og Völsungasögu. Ormurinn Fáfni lá á gulli sínu á Gnitahiði. Gatan kom fyrst fram á skipulagsupprætti frá árinu 1959 af svæðinu milli Bauganess og sjávar. Nafnið Gnitanes var samþykkt árið 1968.

Skeljanes

Skeljanes hét áður Shellvegur. Shellvegur var kenndur við olúfélagið Shell eða Skeljung, sem hefur lengi haft olústöð við Skerjafjörð. Skeljanes liggur frá Einarsnesi að olústöð Skeljungs. Nafnið Skeljanes var samþykkt árið 1968.

Skeljatangi

Skeljatangi gengur út frá Skeljanesi. Gatan er, eins og Skeljanes, kennd við olúfélagið Shell eða Skeljung. Nafnið Skeljatangi var samþykkt árið 1968.

Skildinganes

Skildinganes hét áður Skildinganesvegur. Gatan kom fyrst fram á skipulagsupprætti frá árinu 1959 af svæðinu milli Bauganess og sjávar. Nafnið Skildinganes var samþykkt árið 1968.

Skildingatangi

Skildingatangi liggur út frá Skildinganesi. Nafnið Skildingatangi var samþykkt árið 1968.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar / Hringbrautar).

Til umfjöllunar eru staðgreinireitir 1.671, 1.674, 1.675 og 1.676 í Skerjafirði, sem afmarkast af Einarsnesi, Bauganesi, Skeljanesi og Skildinganesi. Innan þessa svæðis eru göturnar Bauganes, Baugatangi, Einarsnes, Fáfnisnes, Gnitanes, Skeljanes, Skeljatangi, Skildinganes og Skildingatangi.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í ofangreindum staðgreinireitum:

RAUÐUR FLOKKUR: Lögð til friðun húsa.

**Reynisnes, Skildinganes 13 og
Reynisstaður, Skildinganes 15.**

GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga.

**Bauganes 32
Baugatangi 5a / Austurnes
Fáfnisnes 3
Fáfnisnes 4 / Harrastaðir
Skeljatangi 3
Skeljatangi 5.**

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) fyrir Bauganes, Baugatanga, Einarsnes, Fáfnisnes, Gnitanes, Skeljanes, Skeljatanga, Skildinganes og Skildingatanga.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf.í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962 – 83. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984 – 2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Reykjavík 1988.

Árni Óla: “Nafngiftir gatna í Reykjavík”. *Skuggsjá Reykjavíkur*, Reykjavík 1961, bls. 328-344.

Byggingareglugerðir og lög 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur 1870 – 1940. Bærinn vaknar* Fyrri og síðara bindi. Reykjavík 1991 og 1994.

Hanna Rósa Sveinsdóttir: *Þorpið í borginni. Byggingarsaga Skerjafjarðar frá upphafi til okkar daga*. B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1992.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I og II*. Reykjavík 1929.

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens um þróun Reykjavíkur færðar í letur af Lúðvíki Kristjánssyni. Reykjavík 1952.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum, 1.-3. bindi*. Reykjavík 1986 – 1988.

Trausti Valsson: *Reykjavík Vaxtarbroddur, Þróun höfuðborgar*. Reykjavík 1986.

HÚSVERNDARASKRÁ REYKJAVÍKUR

- Friðaðar byggingar
- Tillögur að friðun bygginga
- Verndun götumynda
- Verndun 20.aldar bygginga
- Byggingar byggðar fyrir 1918
- Verndun svæðis
- Verndun byggðamynsturs

